


Kynningarfundur um öryggisblöð

22. september 2015

Dagskrá

- Kröfur um samantekt öryggisblaða skv. REACH,
Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir, teymisstjóri
- Eftirlit og viðbrögð við frávikum,
Gunnþóra Elín Erlingsdóttir, lögfræðingur





UMHVERFISSTOFNUN

Kröfur um samantekt öryggisblaða skv. REACH

*Kynningarfundur um öryggisblöð
Umhverfisstofnun 22. september 2015*


Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir
Teymisstjóri efnateymis

Efnisyfirlit

- Öryggisblöð fyrr og nú
- Fyrir hvaða vörur þarf öryggisblöð?
- Hvenær og hvernig?
- Hver á að útbúa öryggisblöðin?
- Tungumálið
- Innihald öryggisblaða
- Góð ráð



Hvað eru öryggisblöð?

- Mikilvægur þáttur í vinnuvernd
 - Innihalda upplýsingar um örugga meðhöndlun og notkun efna og efnablandna
 - Vinnuveitandi skal veita starfsmönnum sínum aðgang að öryggisblöðum fyrir þau efni eða efnablöndur sem þeir nota eða geta orðið fyrir váhrifum af í starfi sínu.
 - Hluti af þeirri ábyrgð sem fylgir markaðssetningu efna og efnablandna
- 

Öryggisblöð fyrr og nú

- Reglugerð nr. 1027/2005 um öryggisblöð sem innleiddi tilskipun ESB nr. 91/155/EBE.
 - Felld úr gildi þegar REACH tók gildi.
- Reglugerð nr. 750/2008 (REACH)
 - 31.- 36. gr.: *Upplýsingar í aðfangakeðjunni*
 - Ákvæði um hvenær þarf að útbúa öryggisblöð, hvað skuli koma fram í þeim, hvernig skuli afhenda þau, hvenær uppfæra ofl.
 - **II. viðauki**
 - **Kröfur um samantekt öryggisblaða – leiðbeiningar**

Breyting á II. viðauka við REACH

- Aðlögun að nýjum reglum um flokkun og merkingu (CLP)
- Reglugerð (ESB) nr. 453/2010 með tvo viðauka sem koma í stað II. viðauka við REACH
 - I. viðauki: Gildistími frá 1. des. 2010 - 1. júní 2015
 - II. viðauki: Gildistími frá 1. júní 2015
- Gildistíminn endurspeglar innleiðingu á CLP
 - Hrein efni
 - Hrein efni og blöndur



Kröfur um samantekt öryggisblaða

Til 1. des. 2010:

II. viðauki við rg.
750/2008 (REACH)

Frá 1. des 2010- 1. júní 2015


I. viðauki við rg. 453/2010

Frá 1. júní 2015

II. viðauki við rg. 453/2010

- Þó er heimilt að halda eldri öryggisblöðum sem voru útbúin skv. I. viðauka reglugerðar ESB nr. 453/2010 til 1. júní 2017 fyrir efnablöndur sem voru merktar, pakkaðar og markaðssettar fyrir 1. júní 2015.

Hvenær skal útbúa öryggisblöð?

- Ef efnið eða efnablandan flokkast sem hættulegt í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 (CLP) 
- Ef efni er þrávirkt, safnast upp í lífverum og er eitrað í samræmi við XIII. viðauka REACH
- Ef efnið er tilgreint á kandídat-listanum yfir sérlega varasöm efni skv. 59 gr. REACH vegna annarrar ástæðu.

(31.1 gr. REACH)


Hvenær skal afhenda öryggisblöð?

- Þegar efni eða efnablenda er seld til aðila sem ætlar að nota hana í atvinnuskyni eða selja hana áfram í smásölu þá skal birgir vörunnar láta öryggisblöð fylgja með henni.
- Sömu aðilar geta einnig óskað eftir öryggisblöðum fyrir efni eða efnablöndu sem ekki flokkast sem hættulegt **en inniheldur a.m.k. eitt efni af sérstökum flokki yfir ákveðnum styrk.**




Hvernig skal afhenda öryggisblöð?

- „Öryggisblað skal afhent án þess að gjald komi fyrir, á pappír eða rafrænt.“ (Grein 31.8 í REACH)
 - á pappírsformi, með faxi, sem viðhengi í tölvupósti
- Þarf að vera „virk afhending“
 - Ekki fullnægjandi að gefa eingöngu upp slóð á heimasíðu þar sem leita þarf að viðeigandi öryggiblaði.
- Afhenda áður eða samtímis og efnavaran er afhent í fyrsta skipti
 - Ef um endurtekna pöntun er að ræða þarf ekki að afhenda öryggisblað í hvert skipti, nema breyting hafi orðið á því í millitíðinni.




Aðgengi á vinnustað

- Vinnuveitandi skal veita starfsmönnum og fulltrúum þeirra aðgang að öryggisblöðum í tengslum við efni eða efnablöndur sem þeir nota og geta orðið fyrir váhrifum frá í starfi sínu (35. gr. í REACH)
- Uppfærum möppuna!
 - Ekki nóg að safna öryggisblöðum einu sinni saman í möppu. Blöðin verða úrelt með tímanum 😊



Uppfærsla á öryggisblöðum

- Öryggisblöð skulu uppfærð:
 - um leið og fyrir liggja nýjar upplýsingar, sem geta haft áhrif á ráðstafanir við áhættustjórnun, eða nýjar upplýsingar um hættu,
 - þegar markaðsleyfi skv. REACH hefur verið veitt eða synjað hefur verið um markaðsleyfi,
 - þegar takmarkanir hafa verið settar (viðauki XVII við REACH)
 - ***þegar breytingar verða á kröfum um samantekt öryggisblaða***
- Númer uppfærslu skal koma fram á öryggisblöðunum




Hver má útbúa öryggisblöð?

- **Þar til bær aðili (e. Competent person)** skal útbúa öryggisblöðin og skulu birgjar efna og efnablandna sjá til þess að þeir sem útbúa fyrir þá öryggisblöð hafi fengið viðeigandi þjálfun, með viðeigandi símenntun.
- Ekki gefið upp í reglugerðinni hvaða kröfur eru gerðar, en í leiðbeiningarriti Efnastofnunar Evrópu er ýmislegt tilgreint
http://echa.europa.eu/documents/10162/13643/sds_en.pdf

Váhrifasviðsmyndir

- Ef 10 tonn eða meira af efni er framleitt eða flutt inn á EES á ári þarf að framkvæma efnaöryggismat
 - Oftast skráningaraðilar skv. REACH, þ.e. framleiðendur eða innflytjendur inn á EES
- Ef efnaöryggismatið leiðir í ljós ákveðna hættuflokkun efnisins þarf að útbúa váhrifasviðsmyndir fyrir alla tilgreinda notkun efnisins og láta fylgja með öryggisblöðunum.
- Váhrifasviðsmyndir mega vera **á ensku**



Tungumálið

- „Öryggisblaðið skal lagt fyrir á opinberu tungumáli þess aðildarríkis eða þeirra aðildarríkja þar sem efnið eða efnablandan er sett á markað nema viðkomandi aðildarríki kveði á um annað.“ (Grein 31.5 í REACH)



Tungumálið

- „Öryggisblöð skulu vera á íslensku. Heimilt er að afhenda öryggisblöð með efni eða efnablöndu á ensku, dönsku, norsku eða sænsku til viðtakenda efna sem stunda rannsóknir og þróun, enda sé um að ræða afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji annað erlent mál vegna menntunar eða annarrar sérhæfingar. Heimild þessi gildir þó einungis ef magn efnis eða efnablöndu sem er afhent er minna en 1 kg á ári á hvern viðtakanda.“ (30. gr. efnalaga)
- Svipað og ákvæði um merkingar umbúða (CLP)


Tungumálið – hver á að íslenska?

- Öryggisblöð frá evrópskum birgjum þarf bæði að íslenska og staðfæra
- Sá sem markaðssetur hér á landi skal afhenda öryggisblöðin á íslensku
- Hver markaðssetur?
- Umhverfisstofnun getur bara gert kröfu á íslenska birgja – ekki erlenda.




Tungumálið

- Vanda þarf til verka við að íslenska og staðfæra öryggisblöð
- Reynsla af þýðingarvélum/hugbúnaði er ágæt, en lesa þarf vel yfir og staðfæra, t.d.
 - Upplýsingar um eitrunarmiðstöð (liður 1.4)
 - Heiti og númer íslenskra reglugerða (liður 15.1)
- Quaternary ammonium = „Ársfjórðungslegt ammoníak“ ?? 😊




Innihald öryggisblaða

- 16 liðir með stöðluðum fyrirsögnum og undirliðum
 - „X.“ liður skal vera hluti af fyrirsögninni
 - Ekki þýða fyrirsagnirnar – nota staðlaðar þýðingar
 - Ekki má skila auðum undirliðum
 - Í leiðbeiningum kemur skýrt fram hvaða upplýsingar skulu vera í hverjum kafla
 - II. viðauki rg. ESB nr. 453/2010
 - Upplýsingarnar skulu ritaðar á skýran og gagnorðan hátt og skal orðalag vera einfalt, skýrt og nákvæmt. Forðast skal fagmál og skammstafanir
- 


Innihald öryggisblaða

- Dagsetning öryggisblaðs skal tilgreina á fyrstu síðu. Ef um endurskoðun er að ræða skal tilgreina dagsetningu sem:
 - „Endurskoðun: (dags.)“
- Auk þess skal birta á fyrstu síðu
 - Útgáfunúmer,
 - Endurskoðunarnúmer,
 - Gildistökdag nýju útgáfunnar og upplýsingar um hvaða útgáfu verið er að skipta út



1. liður: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

- 1.1 Vörukenni (e. Product identifier)
 - Ef hreint efni þá tilgreina REACH skráningarnúmer en ekki þarf að tilgreina síðustu fjóra stafinu
 - Þó getur UST krafist þess að fá uppgefið fullt skráningarnúmer við eftirlit
- 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá.



1. liður: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

- 1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins
 - Framleiðandi, innflytjandi, stakur fulltrúi, eftirnotandi, eða dreifingaraðili.
 - Fullt heimilisfang, símanúmer, netfang ábyrgðaraðila (ekki privat netfang) fyrir alla vega einn birgja í aðfangakeðjunni, innan EES.
- 1.4 Neyðarsímanúmer
 - Eitrunarmiðstöð, sími 543 2222



2. liður: Hættugreining

Skal vera í samræmi við merkingar á umbúðum

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

- Nú skal flokka bæði efni og blöndur skv. CLP
- Ath. Ákvæði um blöndur sem markaðssettar eru fyrir 1. júní 2015.

2.2 Merkingaratriði

- Hættumerki, viðvörðunarrörð, hættu- og varnaðarsetningar,

2.3 Aðrar hættur



2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkun

Eðlisræn hætta

Málmæt. 1 - H290

Heilbrigðishætta

Húð æt. 1B - H314 Augnskað. 1 - H318

Umhverfishætta

Óflokkað.

2.2. Merkingaratriði

EB númer

231-595-7

Hættumerki



Viðvörðunaröð

Hætta

Hættusetningar

H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.
H335 Getur valdið ertingu í öndunarferum.
H290 Getur verið ætandi fyrir málma.

Varnaðarsetningar

P260 Andið ekki að ykkur gufu eða ýringi.

3. liður: Samsetning innihaldsefna /upplýsingar um innihaldsefni


3.1 Efni

- Ýmsir valmöguleikar á framsetningu
 - Efnakenni (e. Chemical identity) aðalinnihaldsefnis
 - Efnakenni allra óhreininda, stöðgandi viðbótarefna sem eru flokkuð og eiga sinn þátt í flokkun efnisins




3. liður: Samsetning innihaldsefna /upplýsingar um innihaldsefni

3.2 Blöndur

- Ákveðnar reglur um framsetningu tilgreindar í leiðbeiningum
 - Tilgreina skal vörukenni, styrk og styrksvið og flokkun fyrir öll efni með ákveðna flokkun skv. CLP og í ákveðnum styrk.
 - Vörukenni blöndu
 - Viðskiptaheiti eða heiti blöndunnar
 - Auðkenning allra innihaldsefna sem hafa áhrif á flokkun blöndunnar.
- 


3. liður: Samsetning innihaldsefna /upplýsingar um innihaldsefni

3.2 Blöndur

- Styrk efna skal lýsa með
 - Nákvæmum hundraðshlutum eða hundraðshlutabilum af massa eða magni í lækandi röð, ef tæknilega mögulegt
 - Ef hundraðshlutabil, þá skal lýsingin á heilbrigðis- og umhverfishættum fela í sér áhrifin af hæsta styrk hvers innihaldsefnis
 - Gefa skal upp REACH skráningarnúmer fyrir innihaldsefni, ef það er fyrirliggjandi
 - ekki þarf að tilgreina síðustu fjóra stafina
- 


4. liður: Ráðstafanir í skyndihjálpi

- Lýsing á fyrstu umönnun þannig að óþjálfuð manneskja geti skilið hana og beitt án þess að nota háþróaðan búnað eða lyf
 - 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi
 - 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir
 - 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á




5. liður: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

- Lýsing á kröfum um slökkviaðgerðir við íkviknun af völdum efnisins eða blöndunnar eða gegn eldi sem kviknar nálægt þeim
 - 5.1 Slökkvibúnaður
 - 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar
 - 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn




6. liður: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

- Hvernig skal bregðast við leka eða losun, og tilgreina viðbrögð við bæði litlu og miklu magni ef þörf er á
 - 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir
 - 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins
 - 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar
 - 6.4 Tilvísun í aðra liði




7. liður: Meðhöndlun og geymsla

- Ráðgjöf um örugga meðhöndlun og upplýsingar um heilsu-, öryggis- og umhverfisvernd. Vinnuveitandi skal styðjast við þær við gerð verklagsreglna á vinnustað.
 - 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun
 - 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika
 - 7.3 Sértek, endanleg notkun



8. liður: Váhrifavarnir / persónuhlífar

- Hér skal lýsa gildandi viðmiðunarmörkum fyrir váhrif í starfi og nauðsynlegum ráðstöfunum við áhættustjórnun
 - 8.1 Takmörkunarfærifreytur
 - T.d. Landsbundin viðmiðunarmörk, ef þau liggja fyrir
 - 8.2 Váhrifavarnir
 - Verndun einstaklinga, persónuhlífar, viðeigandi búnaður stöðlum (hlífðargleraugu, húðvörn, öndunarvörn, hættur vegna varma)



9. liður: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

- Upplýsingar um niðurstöður prófana á efninu eða blöndunni.
- Útlit, lykt, pH, bræðslu- og frostmark, ...
 - 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika
 - 9.2 Aðrar upplýsingar



10. liður: Stöðugleiki og hvarfgirni

- Upplýsingar um möguleika á hættulegum efnahvörfum sem geta orðið við ákveðin notkunarskilyrði og skilyrði sem ber að varast
 - 10.1 Hvarfgirni
 - 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki
 - 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi
 - 10.4 Skilyrði sem ber að varast
 - 10.5 Ósamrýmanleg efni
 - 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni




11. liður: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

- Upplýsingar fyrir heilbrigðisstéttir og skal vera skilmerkileg lýsing á hinum ýmsu eiturefnafræðilegu áhrifum.
- 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif
 - Leggja skal fram upplýsingar um eftirfarandi hættuflokka:
 - Bráð eiturhrif, húðæting/húðerting, alvarlegur augnskaði/augnerting, næming öndunarfæra eða húðnæming, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturhrif á æxlun, sértæk eiturhrif á marklíffæri (eitt skipti og endurtekin váhrif), ásvelgingarhætta

12. liður: Vistfræðilegar upplýsingar

- Upplýsingar um umhverfisáhrif efnisins eða blöndunnar við losun út í umhverfið.
 - 12.1 Eiturhrif
 - 12.2 Þrávirkni og niðurbriótanleiki
 - 12.3 Uppsöfnun í lífverum
 - 12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi
 - 12.5 Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum.
 - 12.6 Önnur skaðleg áhrif




13. liður: Förgun

- Upplýsingar um viðeigandi úrgangsstjórnun vegna efnisins eða blöndunnar og/eða íláts efnisins eða blöndunnar.
 - 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs




14. liður: Upplýsingar um flutninga


- Upplýsingar um flokkun vegna flutninga á efnum eða blöndum með lestum, á sjó, á landi og eftir skipgengum vatnaleiðum eða í lofti.
 - 14.1 UN-númer
 - 14.2 Rétt UN-sendingarheiti
 - 14.3 Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga
 - 14.4 Pökkunarflokkur
 - 14.5 Umhverfishættur
 - 14.6 Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda
 - 14.7 Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 og IBC-kóðanum.
- 

15. liður: Upplýsingar varðandi regluverk

- Upplýsingar um annað regluverk en það sem nú þegar er komið fram í öryggisblaðinu (t.d. óson, POP, PIC), landsbundnar upplýsingar, ef við á, og hvort efnaöryggismat hafi verið unnið.
 - 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis
 - 15.2 Efnaöryggismat




16. liður: Aðrar upplýsingar

- Upplýsingar um samantekt öryggisblaðsins, aðrar en eru í liðum 1.-15.
 - Ef endurskoðun, þá hverju var breytt?
 - Skýringar á skammstöfunum
 - Skrá yfir viðkomandi hættusetningar og/eða varnaðarsetningar. Rita skal allar setningarnar sem ekki eru ritaðar þannig í 2.-15. lið.
 - Ráðleggingar um rétta þjálfun starfsfólks til að tryggja heilsu- og umhverfisvernd.
- 

Góð ráð fyrir framleiðendur og innflytjendur vara frá löndum utan EES

- Þurfa að útbúa öryggisblöð frá grunni
 - Öryggisblöð verða að vera skv. REACH og REACH gildir innan EES
 - Ef skortur á þekkingu, ráða ráðgjafa til verksins
 - Fylgja leiðbeiningum gaumgæfilega
 - Hrein efni og blöndur flokkuð og merkt skv. CLP
 - Öryggisblöð fyrir blöndur og 1. júní 2015




Góð ráð til innflytjenda vara frá löndum innan EES

- Kalla eftir uppfærðum öryggisblöðum frá erlendum birgjum
 - Ath. blöndur og 1. júní 2015
- Samstarf við erlenda birgja
 - Íslenskun og staðfæring
 - Lesa yfir og staðfæra íslensk blöð frá erlendum birgjum



Nánari upplýsingar

- Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is
 - Öryggisblöð:
 - <http://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/>
 - Blöðungur um öryggisblöð
 - Tengill á rg. (ESB) nr. 453/2010
 - REACH:
 - <http://ust.is/atvinnulif/efni/reach/>
 - Flokkun og merking
 - <http://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/>
- 

Nánari upplýsingar

- Heimasíða Efnastofnunar Evrópu:

<http://echa.europa.eu/>

– Guidance documents:

- <http://echa.europa.eu/support/guidance>

– Getting started with the chemical legislation:

- <http://echa.europa.eu/support/getting-started>

– Póstlisti ECHA:

- <http://echa.europa.eu/web/guest/subscribe>

